

Aðalfundur LÍ
20. október 2023

Ályktun
um nikótínvörur

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ) haldinn í Kópavogi 20. október 2023 skorar á heilbrigðisráðherra og alla þingmenn að beita sér fyrir að fella allar vörur sem innihalda nikótín, aðrar en lyf, undir tóbaksvarnarlög. Það myndi styrkja umgjörð sölu þessara vara og með því minnka líkur á að fyrri árangur í tóbaksvörnum glatist.